

Thorbjørn Egner lést á aðfangadag jóla árið 1990 og átti þá að baki fjölskrúðugan feril. Þá var hann löngu orðinn þjóðkunnur maður í heimalandi sínu og vinsæll víða, m.a. hér á landi. Verk hans og persónur lifa góðu lífi eins og sviðsuppfærslur Þjóðleikhússins á *Dýrunum í Hálsa-skógi* og *Karíusi og Baktusi* árið 2012 sýna. Hulda Valtýsdóttir þýddi bæði leikrit Egners og barnabækur og Kristján frá Djúpalæk þýddi ljóðin. Bækurnar um *Karíus* og *Baktus*, *Kardemommubæinn* og *Dýrin í Hálsa-skógi* hafa verið vinsælar hér á landi um áratugaskeið sem og plötur og hljómdiskar með leikritunum sem voru hljóðrituð í Ríkisútvarpinu. Allt þetta efni er varðveitt í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.




LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Desember 2012 - Ólafur J. Engilbertsson

THORBJØRN EGNER

Í 100 ÁR



Thorbjørn Egner í 100 ár

Landsbókasafnið minnst þess að nú eru 100 ár liðin frá fæðingu Thorbjørn Egners með sýningu í samstarfi við sendiráð Noregs, Nasjonalbiblioteket í Ósló, Þjóðleikhúsið og Leikminjasafnið. Egner fæddist í einu af eldri hverfum Óslóar 12. desember 1912. Hann var fjölhæfur maður, skrifaði sögur og leikrit, samdi vísur og sönglög, teiknaði og málaði myndir í bækur sínar og leikmyndir og búninga fyrir sviðsetningar á verkum sínum. Snemma á stríðsárunum fór Egner að semja sögur fyrir börn. Hann átti að baki yfir tuttugu barnabækur þegar sagan um *Karíus og Baktus*, kom út í Noregi 1949. Hann tók einnig saman lestrarbækur fyrir skóla og var mikilvirkur þýðandi. Egner heillaðist ungur af leiklist, samdi leikþætti og bjó til leikbrúður þegar á námsárum sínum.



Baldvin Halldórsson, Evar Kvaran og Bessi Bjarnason og í hlutverkum ræningjanna Kaspers, Jespers og Jónatans og Emíla Jónasdóttir sem Soffía frænka í frumuppfærslu Þjóðleikhússins á Kardemommubænum 1959. Ljósmynd: Vignir/Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni.

Bækur hans urðu til þess að hann var ráðinn við barnatíma norska ríkisútvarpsins 1946. Þar heyrðust raddir þeirra Karíusar og Baktusar, Mikka refs og Soffíu frænku fyrst. Þegar sögur hans tóku að umbreytast í leiksýningar í Noregi seint á sjötta áratug 20. aldar var Egner allt í öllu; teiknaði búninga, hannaði leikmynd og bjó til plaköt.

Samstarf Egners við Þjóðleikhúsið var gott og langt. Hann kom til landsins vorið 1961 er sýningum var að ljúka á *Kardemommubænum* og ferðaðist þá um landið.

Á 25 ára afmæli Þjóðleikhússins, þann 20. apríl árið 1975, gaf hann Þjóðleikhúsinu sýningarrétt leikrita sinna á Íslandi. Við þetta tækifæri var stofnaður svonefndur Egnersjóður við Þjóðleikhúsið, en úr honum eru veittir styrkir til leikhúslistafólks. Sviðsetning Þjóðleikhússins á *Dýrunum í Hálsaskógi* í nóvember 1962 var heimsfrumsýning þar sem leikarar fóru með hlutverkin, en áður hafði verkið verið flutt í brúðuleikhúsi í Noregi. Um þessar mundir eru því liðin 50 ár frá frumuppfærslunni á þeirri sýningu. Egner gerði leikmynd og búninga við nokkrar sýningar á eigin verkum í Þjóðleikhúsinu, og gaf Þjóðleikhúsinu búninga- og leikmyndateikningar sínar.



Baldvin Halldórsson sem Marteinn skógarmús, Bessi Bjarnason sem Mikki refur og Árni Tryggvason sem Lilli klifurmús í frumuppfærslu Þjóðleikhússins á Dýrunum í Hálsaskógi 1962. Ljósmynd: Óli Páll/Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni.